



Umhverfis- og orkustofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland

Garðabær, 14.4.2025
Málsnúmer: 202504-0014
SS

Efni: Stækkun Lagarfossvirkjunar.

Vísað er í tölvubréf frá Umhverfis- og orkustofnun sem barst þann 4. apríl 2025. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um hvort stækkun Lagarfossvirkjunar á Fljótsdalshéraði falli undir undanþáguákvæði 3. greinar laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Verið er að kanna stækkun Lagarfossvirkjunar um 8 til 15 MW með því að gangsetja þriðju vélina í virkjuninni norðan við Lagarfljót. Því munu fylgja framkvæmdir á nýjum vatnsvegi og stöðvarhúsi. Undanþáguákvæðið tilgreinir að rammaáætlun þurfi ekki að taka til stækkunar á virkjun nema hún feli í sér að svæði sem ekki hefur verið raskað af viðkomandi virkjun verði raskað.

Miðað við yfirlitsmynd í erindi Orkusögunnar sem sýnir fyrirhugaða leið vatnsrásar vegna nýrrar vélar nr. 3 á norðurbakka Lagarfljóts er ljóst að rask mun fylgja stækkun virkjunarinnar og að það er svæði sem í dag er lítt raskað, þó það sé ekki stórt. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er þetta svæði sem verður fyrir raski að nokkuð stórum hluta votlendi með mjög hátt verndargildi. Það er því ekki hægt að segja að um sé að ræða stækkun sem valdi ekki raski á svæði sem er óraskað í dag og samkvæmt ströngustu túlkun ætti undanþáguákvæðið ekki að eiga við. Hins vegar er óvíst hvað fengist við það að setja þessa stækkun í ferli virkjunar rammaáætlunar m.t.t. þess að meta áhrif af stækkuninni. Til þess er skynsamlegra skref að kanna um matsskyldu framkvæmdarinnar skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, og taka saman gögn um áhrifasvæðið í því samhengi. Að taka stækkunina fyrir á vettvangi rammaáætlunar myndi þó opna fyrir tækifæri til samanburðar við aðra virkjanakosti þar sem þessi stækkun myndi án efa teljast heppilegri kostur en ýmsir aðrir vegna takmarkaðra umhverfisáhrifa. Það getur verið jákvætt að á vettvangi rammaáætlunar séu valkostir sem þessi til umfjöllunar til að auka fjölbreytni virkjanakosta sem þar eru til umfjöllunar.

Í hnotskurn þá telur Náttúrufræðistofnun að þótt undanþáguákvæðið ætti strangt séð ekki að eiga við vegna þess rasks sem vatnsrás mun valda á verðmætu votlendi, sé það varla nauðsynlegt að þessi stækkun fari í málsmeðferð rammaáætlunar en að því geti fylgt kostir varðandi heildstæða umfjöllun og samanburð um fleiri virkjanakosti að hafa virkjanaáform af þessum toga þar á meðal.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndar